

Reykjavík 30. maí 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (mansal). Þskj. 1389 — 785. mál.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi eru sammála þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu. Samtökin fagna því að við ákvæði 227. gr. A, sem var lögfest með lögum nr. 40/2003 sé bætt við refsíþyngingarástæðu í tilvikum þar sem brot beinist gegn barni, sbr. 24. gr. Evrópuráðssamningsins.

Samtökin vilja leggja áherslu á mikilvægi þess að berjast gegn mansali á Íslandi. Samtökin leggja ríka áherslu á að sérfræði- og samhæfingarteymið, sem skipað var í nóvember 2009 og á að tryggja yfirsýn og þekkingu á mansalsmálum og að þolendur mansals fái viðeigandi vernd og aðstoð, hafi vernd barna, sérstöðu þeirra og hagsmuni ávallt að leiðarljósi í tilvikum þar sem brot beinast að barni. Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að börn sem eru fórnarlömb mansals fái tilsjónarmann meðan mál þess eru ráðin. Þegar haft er upp á fjölskyldu barnsins sé tryggt að það skaði hvorki barnið né fjölskyldu þess og mikilvægt er að barn sé ekki sent til heimalands síns nema öruggar aðstæður taki við því. Jafnframt er mikilvægt að börn sem eru fórnarlömb mansals fái strax aðgang að allri þjónustu sem börn á Íslandi eiga rétt á samkvæmt lögum og barnsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi vilja hér ítreka þá grundvallarreglu barnaréttarins og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru.

Virðingarfyllt

f.h. Barnaheilla- Save the Children á Íslandi



Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri